

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2009

frá 25. september 2009

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 192/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar, að því er varðar skipti á trúnaðargögnum milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og aðildarríkjanna ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008) í XXI. viðauka við samninginn:

„4ba. **32009 R 0192**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 192/2009 frá 11. mars 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar, að því er varðar skipti á trúnaðargögnum milli framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) og aðildarríkjanna (Stjtið. ESB L 67, 12.3.2009, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 192/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 41, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 67, 12.3.2009, bls. 14.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes
formaður.